

mannahöfn og skyldu leyfishafendur hafa fullnægt skyldum þeim, er leyfisbrjefið um getur, innan 30. septbr. þ. á. Með því að það er fyrirsjáanlegt, að hinn umgetni hlutafjeldagsbanki verður eigi settur á stofn innan hins ákvæðna frests, en það á hinn bóginn er óumflýjanlegt, að eitthvað sje gert til að bæta úr hinum mikla peningaskorti hjer í landinu, hefir alþingi samþykkt áðurgreind lög um, að, verði ekki af því að hinn umgetni hlutafjeldagsbanki verði stofnaður innan 1. oktbr. þ. á., skuli landsbankanum í Reykjavík vera heimilt að stofna seðla-deild, er gefa má út allt að 1 miljón króna í seðlum, er greiðist handhafa í gullmynt, og að öðru leyti með skilyrðum þeim, sem tekin eru fram í áðurnefndum lögum frá 7. júní f. á. § 4—7.

Með því að jeg verð að vera alþingi sammála um það, að gera verði svo fljótt sem hægt er ráðstafanir til þess að bæta úr peningaskortinum hjer í landinu, og með því að lík-lega er ekkert að athuga við ákvæði laganna, sem eru sniðin eptir optnefndum lögum frá 7. júní f. á. og lögum 19. septbr. 1885 um stofnun landsbanka, leyfi jeg mjer að mæla með því að leitað verði allrahæstrar staðfestingar á umrædd lög.

**Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir Suduramtinu og Vestur-
amtinu um flutning þingstaðar.** Samkvæmt tillögum yðar, herra amt-
maður, í brjefi, dagsettu 2. þ. m., meðmælum hlutadeigandi sýslumanns og beiðni
hreppsnefndarinnar í Dyrhólahreppi í Vesturskaptafellssýslu, vil jeg hjer með
veita samþykki mitt til þess að þingstaður umgetins hrepps sje fluttur frá Vatns-
skarðshólum á Skeiðflöt, með því skilyrði að hreppsnefndin annist um að til
verði hæflegt hús til þinghalda á hinum nýja þingstað.

Þetta er yður til vitundar gefið yður til leiðbeiningar og frekari birtingar.

**Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir Norðuramtinu og Austur-
amtinu um greiðslu á ómagameðlagi.** — Amtmaðurinn yfir Suduramt-
inu og Vesturamtinu hefir skotið til mín ágreiningi milli hreppsnefndarinnar í
Andakilshreppi og bæjarstjórnarinnar á Akureyri um meðlag með óskilgetnu
barni Þuríðar Gísladóttur, sem nú er gipt Eml nokkrum Petersen þurfalangi
Akureyrarkaupstaðar. Hvorki bæjarfógetinn á Akureyri og sýslumaðurinn í
Mýra- og Borgarfjarðarsýslu nje þið amtmennirnir hafið getað komið ykkur sam-
an um úrslit máls þessa.

Barn þetta, sem fætt er 15. maí 1891, hefir verið á sveitarframfæri í
nefndum hreppi gegn 60 kr. meðlagi um árið, eptir því sem virðist, samkvæmt
skjölum málsins, með samþykki bæjarstjórnar Akureyrar. Meðlag þetta var
goldið þannig frá 15. nóvember 1899 til 15. nóvbr. 1901: frá föðurnum Sigurði
Jónssyni eða framfærslusveit hans Lundarreykjadalshreppi 45 kr., samkvæmt úr-
skurði amtmanns yfir Suduramtinu og Vesturamtinu 19. septbr. 1900, en af bæj-
arsjóði Akureyrar 15 kr. En með nýjum úrskurði 8. ágúst 1901 færði nefndur
amtmaður niður fúlgu þá, sem faðirinn eða framfærslusveit hans greiða skyldi,
í 35 kr. um árið frá 15. nóvbr. 1901 að telja, eptir að hafa fengið upplýsingar

3 um bágan hag barnsföðurins frá hreppsnefndinni í Lundareykjadalshreppi, en 30. jan. án þess að bæjarstjórn Akureyrar fengi tækifæri til að láta uppi álit sitt um niðurfærslu þessa. Nú hefir hreppsnefndin í Andakílshreppi krafizt 25 kr. ársmeðlags af hálfu móðurinnar eða Akureyrarbæ frá 15. nóvbr. 1901 til fardaga 1903, en bæjarstjórn Akureyrar hefur neitað að greiða meira en 15 kr.; það sem hjer er deilt um, eru þannig 15 kr. 89 a., og bæði þjer og bæjarfógetinn á Akureyri hafið neitað að skylda nefndan kaupstað til að greiða þessa umþrættu upphæð.

Bæjarfógetinn byggir ástæður sínar aðallega á því, að nefndur amtmaður hafi að visu haft formelt vald til að breyta úrskurði sínum frá 19. septbr. 1900, en hann hafi ekki haft heimild til þess að breyta honum eða færa niður fúlguna frá föðurnum, eins og gert er með úrskurðinum 8. ágúst 1901, án þess að gefa nefndri bæjarstjórn tækifæri til að láta álit sitt í ljósi um málið, eða taka tillit til hags móðurinnar eða stjúpföður barnsins. Þjer hafið eigi heldur sjeð yður fært að skylda Akureyrarbæ til að greiða umgetnar 15 kr. 69 a. af því að þjer teljið 60 kr. ársmeðlag með barninu, sem var 10½ árs 15. nóvbr. 1901, of hátt, og að 50 kr. ársmeðgjöf sje nægileg.

Jeg get nú eigi fallizt á álit yðar og nefnds bæjarfógeta í máli þessu. Jeg verð að vera þeirrar skoðunar að amtmaðurinn yfir Suðuramtinu og Vesturamtinu hafi haft fullt vald til að breyta úrskurði sínum 19. septbr. 1900, þegar hann hafði komizt að þeirri niðurstöðu að fúlga sú, er barnsfaðirinn greiða skyldi, væri of há eptir ástæðum hans, aðeins ef fúlgan var eigi ákveðin minni en hálf meðgjöfin með barninu, sbr. tilsk. 14. oktbr. 1763, og getur það eigi gert úrskurð amtsins um niðurfærsluna ógilda, að nefndri bæjarstjórn eigi var gefið tækifæri til að láta uppi álit sitt um hana. Um upphæð meðgjafarinnar er það að segja, að 60 kr. er að visu meira en tíðkanlegt er að gefa með ómögum eldri en 10 ára á Nordurlandi og Austurlandi, en á Suðurlandi, allviða að minnsta kosti, er þetta meðlag veijulegt með börnum á þeim aldri. Auk þess virðist verða að líta svo á, að bæjarstjórn Akureyrar hafi samþykkt, að greiddar væri 60 kr. með barninn um árið, að minnsta kosti til 15. nóv. 1901, og virðist hún hafa átt að gefa það hreppsnefndinni í Andakílshrepp til vitundar fyrirfram, ef hún hefði ætlazt til þess að meðgjöfin lækkaði eptir þann dag, því að hvernig sem á er lítið, er það bæjarstjórnin, sem verður að teljast að hafa ráðið meglagsupphæðinni fyrir nýnefndan dag.

Því úrskurðast hjer með, að Akureyrarkaupstaður greiði Andakílshreppi umgetnar 15 kr. 89 a.

Þetta er yður, herra amtmaður, til vitundar gefið yður til leiðbeiningar og frekari birtingar.